

19. júní-sjóður um
kvennahlaup í Garðabæ
Ársreikningur
2015

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar

Sjóðurinn starfar samkvæmt sérstakri skipulagsskrá um sjóðinn sem samþykkt var í bæjarstjórn Garðabæjar 7. október 1993. Tilgangur sjóðsins er að styrkja og efla íþróttir kvenna í Garðabæ með því að veita fé til uppbyggingar á því sviði.

Tekjur umfram rekstrargjöld námu 687.686 kr. á árinu en engir styrkir voru veittir á árinu 2015.

Eigið fé sjóðsins í árslok nam 22.687.456 kr., þar af er bundið eigið fé 22.131.871 kr.

Stjórn 19. júní-sjóðs um kvennahlaup í Garðabæ staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Garðabæ, 19. maí 2016.

Í stjórn sjóðsins:

Björg Ferge
Hanna Hilja Póhmann

Hilmar Dátí Bjarnason

Tomar Björnsson

Asgrímur Sumarsson

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar 19. júní-sjóðs um kvennahlaup í Garðabæ

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings 19. júní-sjóðs um kvennahlaup í Garðabæ fyrir árið 2015 byggt á þeim upplýsingum sem stjórn sjóðsins hefur lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.


Við höfum notað sérfræðipækkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða sjóðinn við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Stjórn er ábyrg fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinnu er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Reykjavík, 18. maí 2016.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Fjármunatekjur			
Vaxtatekjur		859.596	629.455
Fjármagnstekjuskattur	(	171.910)	(125.880)
		<u>687.686</u>	<u>503.575</u>
Tekjur umfram rekstrargjöld		687.686	503.575
Styrkveitingar		0	(150.000)
Tekjur umfram gjöld	5	<u>687.686</u>	<u>353.575</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir			
	Skýr.	2015	2014
Veltufjármunir			
Bankainnstæður	2	23.037.456	22.349.770
Eignir samtals		<u>23.037.456</u>	<u>22.349.770</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Bundið eigið fé	4	22.131.871	21.698.578
Frjálst eigið fé		555.585	301.192
Eigið fé samtals	5	<u>22.687.456</u>	<u>21.999.770</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreitt vegna styrkja	3	350.000	350.000
Skuldir samtals		<u>350.000</u>	<u>350.000</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>23.037.456</u>	<u>22.349.770</u>

Sjóðstreymisýfirlit 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar			
Tekjur umfram gjöld	5	687.686	353.575
Veltufé frá rekstri		687.686	353.575
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímaskuldir, hækkun	3	0	150.000
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		0	150.000
Handbært fé frá rekstri		687.686	503.575
Hækkun á handbæru fé		687.686	503.575
Handbært fé í ársbyrjun		22.349.770	21.846.195
Handbært fé í árslok	2	23.037.456	22.349.770

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningur 19. júní-sjóðs um kvennahlaup í Garðabæ er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Bankainnstæður

Bankainnstæður greinast þannig:

Bankabók Byr	4.119.197
Bankabók Arion banki	14.174.427
Íslandsbanki, sparileið	4.743.832
	<u>23.037.456</u>

3. Skammtímaskuldir

Ógreitt vegna styrkja greinist þannig:

Knattspyrnudeild Stjórnunnar, meistaraflokkur kvenna	200.000
Fimleikadeild Stjórnunnar, meistaraflokkur og unglingaflokkur í hópfimleikum	150.000
	<u>350.000</u>

4. Eigið fé

Samkvæmt 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins er heimilt að veita fé úr sjóðnum þegar höfuðstóll hans er orðinn 10 millj. kr. miðað við verðlag frá 1.1.2000. Stjórn sjóðsins er heimilt að veita fé úr sjóðnum eftir því sem hún telur fært hverju sinni en án þess þó að skerða höfuðstólinn. Endurmatshækkun ársins á bundnu eigið fé nemur 433 þús. kr. Frjálst eigið fé til ráðstöfunar nemur 556 þús. kr. í árslok 2015 sbr. skýringu 5.

5. Yfirlit um breytingu eigin fjár:

Bundið eigið fé:

Yfirfært frá fyrra ári	21.698.578
Endurmat samkvæmt skýringu 4	433.293
Bundið eigið fé 31.12.2015	<u>22.131.871</u>

Frjálst eigið fé:

Flutt frá fyrra ári	301.192
Rekstrarniðurstæða ársins	687.686
Endurmat samkvæmt skýringu 4	(433.293)
Frjálst eigið fé 31.12.2015	<u>555.585</u>
Eigið fé samtals 31.12.2015	<u>22.687.456</u>